



Frjósemisvernd – Viðauki við sjúkdómatryggingu

Skilmáli VL-6

Frjósemisvernd innifelur vernd fyrir einstaklinga 39 ára og yngri sem glíma við ófrjósemi af læknisfræðilegum orsökum og fara í frjósemismeðferð. Auk þess er tryggðum veittur aðgangur að andlegum stuðningi í formi stuðningssamtala vegna frjósemisvandamála.

Um trygginguna gilda tryggingarskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar sjúkdómatrygginga félagsins, viðauki þessi, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, með síðari breytingum, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum ganga framár ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Skilgreiningar

Frjósemismeðferð: Með frjósemismeðferð er átt við aðstoð við frjóvgun þar sem frjóvgun á sér stað utan líkama með tæknifrjóvgunaraðgerðum. Þetta felur í sér glasaffrjóvgun (IVF) og smásjárfrjóvgun (ICSI), þar sem egg eru tekin úr eggjastokkum, frjóvguð á rannsóknarstofu og fósturvísir síðan settur í leg móttakanda.

Stuðningssamtöl: Samtöl við fagaðila sem sérhæfa sig í tengdum málaflokki t.d. sálfræðingur, fjölskyldufræðingur og ljósmóðir með þeim tilgangi að vinna úr erfiðum aðstæðum í tengslum við atvikið.

Tryggður: Sá einstaklingur sem tryggingin tekur til.

Tryggingartaki: Sá sem gerir einstaklingsbundinn samning við félagið.

Tryggingaratburður: Atvik sem samkvæmt tryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

Tryggingarskírteini: Staðfesting félagsins á því að tryggingarsamningur hafi verið gerður.

Viðurkennd frjósemisstofa: Frjósemisstofa sem hefur gilt starfsleyfi frá lögbæru heilbrigðisyfirvaldi í því landi sem hún starfar og er heimilt að veita frjósemismeðferð samkvæmt gildandi lögum.

1. Kafli. Frjósemisvernd

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur í formi eingreiðslu ef tryggður greinist með ófrjósemi (ICD N46 og N97) og gengst undir frjósemismeðferð á viðurkenndri frjósemisstofu, sbr. 2. gr., af þeim orsökum.

Uppfylla þarf bæði skilyrðin sem tilgreind eru að ofan.

Greining á ófrjósemi skal staðfest af sérfræðilækni í kvensjúkdómum eða frjósemismeðferðum.

2. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin nær til, skv. 1. gr. viðauka þessa, frjósemismeðferða hjá viðurkenndum frjósemisstofum á Íslandi sem hafa starfsleyfi frá Landlækni. Bætur eru einnig greiddar vegna frjósemismeðferða sem framkvæmdar eru hjá frjósemisstofum í löndum innan EES, í Sviss og Bretlandi, sem uppfylla skilyrði Sjúkratrygginga Íslands.

3. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið greiðir ekki bætur:

- vegna frjósemismeðferða af öðrum orsökum en tilgreindar eru í 1. gr.
- ef frjósemismeðferð eða greining á ófrjósemi á sér stað þegar tryggður hefur náð 40 ára aldri, hvort heldur sem fyrr verður.
- ef frjósemismeðferð hófst, eða tryggður greindist með ófrjósemi eða var til rannsóknar eða meðferðar vegna gruns um ófrjósemi:
 - áður en frjósemisvernd tók gildi, eða
 - áður en sjúkdómatrygging, sem innifelur frjósemisvernd, tók gildi.
- vegna ófrjósemi í kjölfar legpípu- eða sáðrásarlögunar sem framkvæmdar eru til að endurheimta frjósemi eftir fyrri ófrjósemisaðgerð.
- vegna greiningar á ófrjósemi eða frjósemismeðferðar sem að einhverju eða öllu leyti má rekja til neyslu áfengis, lyfja eða vímuefna, eða atvika sem rekja má til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis tryggðs.

Ef sjúkdómatryggingin tók gildi eftir gildistöku viðauka þessa, greiðast ekki bætur vegna frjósemismeðferða sem hófust og / eða ófrjósemi sem greindist á fyrstu sex mánuðunum frá gildistöku tryggingarinnar.

4. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bætur nema 5% af tryggingarfjárhæð sjúkdómatryggingarinnar, að hámarki kr. 1.000.000. Jafnvel þó að tryggður sé með fleiri en eitt skirteini í gildi hjá félaginu, sem veitir rétt til bóta úr frjósemisvernd, geta samanlagðar bætur úr öllum skirteinum ekki orðið hærri en sem nemur hámarkinu.

5. gr. Almenn ákvæði

Bætur úr frjósemisvernd greiðast aðeins einu sinni til tryggðs og við greiðslu bóta fellur verndin niður.

2. Kafli. Stuðningssamtöl

6. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin veitir tryggðum að hámarki fimm stuðningssamtöl vegna frjósemismeðferðar. Samtölin eru veitt hjá þjónustuaðila sem félagið tilgreinir hverju sinni og greiðir félagið kostnað vegna stuðningssamtalanna.

7. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Annar aukakostnaður sem kann að falla til vegna samtalsmeðferðar eða atvika, svo sem ferðakostnaður eða sambærilegur kostnaður, er ekki greiddur úr tryggingunni.

8. gr. Almenn ákvæði

- Nauðsynlegt er að tilkynna félaginu um tryggingaratburð til að fá tilvísun félagsins til þjónustuaðila.
- Ef bótaskylda vegna stuðningssamtala skv. 6. gr. er fyrir hendi þá hefur félagið milligöngu um að vísa tryggðum áfram til þjónustuaðila.
- Tryggður glatar rétti til stuðningssamtals ef ekki er óskað eftir því innan 12 mánaða frá greiðslu bóta.
- Tryggður hefur 12 mánuði til að ljúka samtölunum eftir að samtöl hefjast.
- Félagið ber ekki ábyrgð á gæðum eða árangri þjónustunnar, heldur einungis á því að tryggður fái úthlutaðan tíma hjá samningsbundnum þjónustuaðila innan eðlilegs tíma.

Viðauki þessi gildir fyrir sjúkdómatryggingar hjá Verði líftryggingum hf. með eftirfarandi skilmálanúmer: L-2, L-4, L-8, L-10, L-19, EC-1002, EC-1014, EC-1018, EC-1019, EC-1021, EC-1022, EC-1023, EC-1024, EC-1025, EC-1027, EC-1028, EC-1031, EC-1032, EC-1034, EC-1039, EC-1055, EC-1073, HC-1004, HC-1005, HC-1012, HC-1060

Viðauki þessi gildir frá 20. maí 2026